



Námsáætlun

DANS2so03 vorönn 2021

Kennarar: Edith E. Unnsteinsdóttir edith@fg.is og Rakel L. Gunnarsdóttir rakelg@fg.is

Markmið:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist dýpri og sérhæfðari orðaforða en áður og geti nýtt sér hann í öllum færniþáttum. Þeir eiga að geta tjáð sig af lipurð bæði munnlega og skriflega. Nemendur fá þjálfun í að vinna sjálfstætt að verkefnum og geta lagt mat á eigin vinnu. Nemendum er áfram veitt innsýn í danska menningu og siði.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- danska menningarsvæðinu og hvernig danska nýtist á norræna menningarsvæðinu almennt
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta danska menningu
- orðaforða til undirbúnings á háskólastigi
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja eðlilegt talað mál við mismunandi aðstæður
- lesa fjölbreyttar gerðir texta
- tjá sig munnlega skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér
- rita margs konar texta, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu
- beita meginreglum danskrar málfræði og setningarfræði

Hæfniviðmið


Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál svo sem samræður og fjölmiðlaefni, inntak erinda og annað tiltölulega flókið efni sem hann hefur kynnt sér
- tileinka sér innihald ritaðs texta og nýta það á mismunandi hátt
- lesa texta um ákveðin viðhorf eða skoðanir og geta brugðist við þeim
- átta sig á dýpri merkingu texta
- tjá sig hiklaust og taka þátt í samræðum við ólíka viðmælendur
- skiptast á skoðunum og setja fram hugmyndir sínar af talsverðu öryggi, koma þeim kunnáttusamlega til annarra og bregðast við viðmælendum
- tjá sig skýrt og lipurlega fyrir áheyrendum um sérvalið efni sem nemandinn hefur kynnt sér
- skrifa læsilega texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim rithefðum sem við eiga hverju sinni

Kennslugögn:

- Efni fengið frá kennara.



Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
Tema 1 – Danskere og danskhed			
01. 24.-26. feb.	Introduktion Adjektiver – Classroom Artikel: Et statistisk snapshot (Nearpod)		
02. 1.-5. mars	Artikel: Grønland og Færøerne (Nearpod) Adjektiver - Classroom Artikel: Alt om hygge (Nearpod)		
Tema 2 – Journalisten 15%			
03. 08-12. mars	At skrive en nyhedsartikel: Ind i dansk - Hjælp til analyse og skrivning i danskundervisningen og opslagsværk over alle de vigtigste fagbegreber. Skriv en nyhedsartikel Studienet.dk Journalisten - udkast 1 - Classroom	Temaopgave 10% - E-avis	Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Journalisten - udkast 2 - Classroom - afleveres ind på Google Sites	Temaopgave 10% - E-avis Mundtlig opgave 5%– Interview om de unges daglige liv hjemme eller i skolen	Námsmatsdagur 19. mars
Tema 3 – Dansk sprog og kultur			
05. 22.-26. mars	Artikel: Danske festivaler (Nearpod) Grammatik: Bindeord og andre småord - Classroom	Delprøve 1 20%	Miðannarmat
Páskafrí - 29. mars-6. apríl 			
06. 07.-09. apríl	Artikel: Højskole (Nearpod) Sprogbrug: Faste vendinger og sprogbrug - Classroom		Miðannarmat



Tema 4 – Højskoleansøgning 20%			
07. 12.-16. apríl	“Højskoleoplevelse”	Skriftlig højskoleansøgning 10% - Skal afleveres ind på Inna	
08. 19.-23. apríl		Mundtlig højskoleansøgning 10% - Skal afleveres ind på Flipgrid Delprøve 2 20%	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
Tema 5 - Valgoppgave 25%			
09. 26.-30. apríl	Valgoppgave - udkast 1 - Classroom	Den skriftlige del af valgoppgaven 10% - Skal afleveres ind på Inna	Námsmatsdagur 28. apríl
10. 03-07. maí	Valgoppgave - udkast 1/2 - Classroom		
11. 10.-14. maí	Valgoppgave - udkast 2 - Classroom - Skal afleveres ind på Inna	Den mundtlige del af valgoppgaven 15% - Afleveres i timen	Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí			

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

Námsmat: (Merkið við þau skilaverkefni sem þið hafið skilað)

Lotupróf 40%	Lotupróf 1	20%	
	Lotupróf 2	20%	
Journalisten - E-avis 15%	Skriflegur hluti - Blaðgrein	10%	
	Munnlegur hluti - Viðtal	5%	
Højskoleansøgning 20%	Skriflegur hluti	10%	
	Munnlegur hluti	10%	
Valgoppgaven 25%	Skriflegur hluti	10%	
	Munnlegur hluti	15%	



Til að nemandi standist áfangann verður meðaleinkunn lotuprófa að vera minnst 4,5 og lokaekinn áfangans 5, sem reiknuð er úr öllum námsþáttum. **Áfanginn er lokaprófslaus.** Verði nemandi uppvís að svindli fær viðkomandi 0 í einkunn.

Skil verkefna: Öllum verkefnum skal skila á tilgreindum dögum (sjá nánar á Innu) og skriflegum verkefnum oftast **í gegnum Turnitin, ekki er þá tekið öðruvísi við þeim.** Öllum verkefnum verður að ljúka á tilsettum tíma. Eftir þann tíma verður **ekki** tekið við þeim. Ef upp koma vandamál skulu nemendur hafa samband við kennara, t.d. með tölvupósti. **Ekki verður tekið við verkefnum í gegnum tölvupóst.**

Annarpróf á að taka á tilsettum tíma. Ef nemandi missir af lotuprófi þarf nemandi að vera með skráð veikindi/leyfi í Innu. Námsmatsdagar verða nýttir til sjúkraprófa.

Smiðja: Í smíðu geta nemendur unnið að skilaverkefnum áfangans undir handleiðslu kennara og leitað almennrar aðstoðar við námið.

Mikilvægt:

- Nemendur með sértæk vandamál/erfiðleika hafi samband við kennara í upphafi annar
- Nemendur skulu fylgjast með tilkynningum varðandi t.d. daglegt skipulag, próf og heimaverkefni á Innu.
- Vinnuframlag nemenda: Vinna í 5 eininga áfanga á að samsvara 90-120 klst. á önn. Þar af eru 36-56 klst. fyrir utan skólastofuna í heild eða 3,5 klst. á viku að meðaltali.

Gagnlegir tenglar:

- Ókeypis norræn netorðabók ísl/dönsk: www.islex.hi.is, www.snara.is
- Ókeypis netorðabók dönsk/dönsk: <http://ordnet.dk/ddo/> (Den Danske Ordbog),
- Framburður: <http://www.danskabc.dk/>

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með von um gott samstarf á önninni.

God arbejdslyst!

Edith og Rakel